



Yfirlit um úrvinnslu mála þegar tilkynning um einelti berst

Rannsóknarvinna skal hefjast samdægurs þegar einelti hefur verið tilkynnt.

1. Starfsmaður fyllir út eyðublað og afhendir námsráðgjafa tilkynningarblaðið og heftið samdægurs.
2. Námsráðgjafi hefur samband við umsjónarkennara samdægurs og rannsóknarvinna hefst.
3. Ljúka skal rannsóknarvinnu á innan við fimm skóladögum eftir að tilkynning berst og hefja þegar úrvinnslu samkvæmt áætlun gegn einelti og í samstarfi við eineltisráð.

Öll skref sem tekin eru skal skrá í dagbók Mentor jafnóðum. Umsjónarkennari þarf að vera í a.m.k. vikulegu sambandi við foreldra þolenda til að láta vita um gang málsins.

Ef eineltið hættir ekki er málinu vísað skriflega til nemendaverndarráðs og umsjónarkennari boðar foreldra geranda/gerenda aftur til fundar og lætur vita að eineltið hafi ekki hætt og því sé málinu vísað áfram til nemendaverndarráðs.